

## Kennsluáætlun

**Bekkur: 5. - 6. bekkur**

**Námshgrein: Íslenska**

**Kennari: Anna Margrét Birgisdóttir**

**Tímahjöldi: 5 klst. á viku.**

**Námshgögn: Málrækt 1, Ritum rétt, Ragnars saga loðbrókar, Smellur, lestrarbækur við hæfi hvers og eins, ýmis lesskilningsverkefni og annað efni frá kennara.**

**Skriftarbækur frá MMS og Góður, betri, bestur.**

**Lykilhæfni:** Námsgreinin kemur inn á eftirfarandi þætti samkvæmt aðalnámskrá

grunnskóla:

- Tjáning og miðlun.
- Skapandi og gagnrýnin hugsun.
- Sjálfstæði og samvinnu.
- Nýting miðla og upplýsinga.
- Ábyrgð og mat á eigin námi.

**Grunnþættir:** Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: Læsi –

*Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun.* Í

námshgreininni er unnið með alla þessa þætti.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.</li> <li>- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.</li> <li>- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</li> </ul>	<p>Nemendur fá þjálfun í upplestri á margvíslegum texta og eru hvattir til að sýna virðingu í samskiptum.</p>	<p>Námsmat felst í símati. Framkoma og tjáning metin.</p>

<p>Lestur og bókmenntir</p>	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.</li> <li>- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.</li> <li>- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.</li> <li>- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.</li> <li>- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.</li> <li>- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.</li> </ul>	<p>Nemendur eru kynntir fyrir ýmsum tegundum bókmennta þar sem reynir á hlustun, lesskilning, ritun og orðaforða. Yndislestur á morgnana þar sem nemendur velja sér lesefni eftir áhuga.</p>	<p>Námsmat felst í símati þar sem verkefni eru unnin reglulega og kannanir lagðar fyrir. Daglegur lestur heima og tvisvar í skóla. Lesferill er lagður fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu og Orðarún tvisvar sinnum, haust og vor.</p>
-----------------------------	--	--	---

Ritun	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.</li> <li>- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.</li> <li>- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.</li> <li>- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</li> <li>- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.</li> </ul>	<p>Ýmis konar ritunarverkefni unnin. Farið í helstu stafsetningarreglur og unnið með þær.</p>	<p>Námsmat felst í símati. Sögugerð og ritunarverkefni þar sem hver vinnur á sínum hraða. Mat er lagt á vinnubrögð og ástundun. Reglulegar kannanir í stafsetningu. Þjálfun í skrifarbókum.</p>
-------	--	---	---

Málfræði	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.</li><li>- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.</li><li>- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.</li></ul>	Unnið er með helstu orðflokka, samheiti og andheiti.	Námsmat felst í símati þar sem reglulegar kannanir eru lagðar fyrir.
----------	--	--	--